

**Nd.**

**588. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 75 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 10. gr. komi ný (11.) grein:

Kennarar, sem taldir eru í 9. gr. stafl. b. og d., fái auk þeirra launa,

sem þar eru talin, húsaleigufé, 50% af leigu eftir meðalíbúð, þrjú herbergi auk eldhúss, á þeim stað, sem þeir kenna. Verði ekki samkomulag um húsaleigufé þetta, skal leigan metin af þrem mönnum. Skipi hreppsnefnd eða bæjarstjórn einn þeirra, kennarinn eða kennararnir annan, og stjórn Sambands íslenskra barnakennara þriðja manninn, og verður úrskurði þeirra eigi áfrýjað.